

Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Hornafirði, 9. apríl 2018  
nr. erindis 201803083 BB


**Málefni: Umsögn um frumvarp til laga mál nr. 389**

Bæjarráð Sveitarfélagsins Hornafjarðar fjallaði um erindi Alþingis varðandi umsögn á frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum á sviði samgöngu-, fjarskipta-, sveitarstjórnar- og byggðamála, 389 mál.

Bæjarráð bókaði eftirfarandi:

*“Bæjarráð gerir athugasemd við það að sveitarfélög séu ekki talin með sem umsagnaraðilar um málefni sem varðar þau, svo sem byggðaáætlun og sveitarstjórnarlög. Í frumvarpinu kemur fram að samráð skal haft við landshlutasamtök. Að mati bæjarráðs er slíkt fyrirkomulag ótækt þar sem hlutverk landshlutasamtaka er óljóst í íslensku stjórnkerfi og þarf að skýra ef svo á að vera.”*

Virðingarfyllst

  
Björn Ingi Jónsson  
bæjarstjóri  
Sveitarfélagsins Hornafjarðar

